

ÁFANGASKÝRSLA

Til: Framtíðarhóps SSH

Frá: Verkhópi 3

Verkhópur 3 skilar hér með áfangaskýrslu til Framtíðarhóps SSH. Verkefni hópsins spannar mjög vítt svið og leita verður án efa út fyrir þennan hóp við þróun og útfærslu á sumum hugmyndanna.

Verkhópur 3 leggur nú fram fyrstu hugmyndir um framhald vinnunnar í eftirgreindum verkefnum en nokkur verkefni bíða frekari úrvinnslu í verkþópnum og verður síðar gerð grein fyrir þeim:

1. Verkefni: Útboðsmál

Lagt er til að SSH sveitarfélögin kanni hvort hagkvæmt sé að haga framkvæmd útboða hjá þeim þannig að þau verði á hendi eins aðila sem annist faglegan undirbúning, auglýsingar og taki við tilboðum.

Fyrirkomulag á slíku gæti byggt á einhverjum af eftirtöldum leiðum:

- 1) Hvert SSH-sveitarfélag geri þjónustusamning við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar um framkvæmdina
- 2) Stofnuð verði sameiginleg skrifstofa (fyrirtæki) SSH sveitarfélaganna um framkvæmd útboða
- 3) SSH sveitarfélögin semji um samstarf við Ríkiskaup.

Jafnframt má skoða að setja upp sameiginlegt útboðsvefsvæði hlutaðeigandi aðila .

Greinargerð

Samstarf um útboðsmál ætti að geta falið í sér ávinning fyrir öll SSH-sveitarfélögin þar sem slíkt ætti í senn að tryggja fagleg vinnubrögð, betri nýtingu á sérfræðiþekkingu og lægri kostnað en ella.

Sérfræðiþekking í opinberum innkaupum, útboðsrétti og framkvæmd útboða hefur verið byggð upp hjá Reykjavíkurborg. Mikill fjöldi útboða þarf að vera til staðar hjá hverju sveitarfélagi til þess að hagkvæmt sé að byggja upp slíka sérfræðiþekkingu. Lítið er af aðilum sem hafa sérfræðiþekkingu á þessu sviði á einkamarkaði og er hún einnig dýr. Þá getur það valdið hagsmunaaðreksrum að kaupa slíka þjónustu af einkaaðilum. Einnig er þekking á þessum málum hjá öðrum sveitarfélögum og hugsanlega mætti útfæra fyrirkomulagið með þeim hætti að sameina allt fagfólk SSH sveitarfélaga á

einni sameiginlegri skrifstofu. Útboð sveitarfélaga og ríkis eru ekki það mikil að umfangi að það gæti reynst hagur allra þessara opinberu aðila að sameina krafta sína í einni skrifstofu.

2. Verkefni: Innkaupamál

Lagt er til að SSH sveitarfélögin kanni hvort hagkvæmt sé að gera þjónustusamninga við einn aðila um aðgengi að sérfræðipækkingu á sviði innkaupamála til skipulagningar innkaupamála í sínu sveitarfélagi.

Fyrirkomulag á slíku gæti byggt á einhverjum af eftirtöldum leiðum:

- 1) Hvert SSH-sveitarfélag geri þjónustusamning við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar um framkvæmdina
- 2) Stofnuð verði sameiginleg skrifstofa SSH sveitarfélaganna um skipulagningu innkaupamála.
- 3) SSH sveitarfélögin semji um samstarf við Ríkiskaup.

Lagt er ennfremur til að sveitarfélög innan SSH hafi með sér innkaupasamstarf og gerðir verði magnkaupasamningar þar sem tækifæri liggja til ávinnings.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að skipuleggja innkaup borgarinnar og móta aðfangastefnu til þess að gera innkaup skilvirkari og ódýrari. Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa skipulag innkaupa, rafræn innkaupaferli og gerð magnkaupasamninga. Með þjónustusamningum verði öðrum sveitarfélögum innan SSH gert kleift að fá aðgengi að sérfræðingum Reykjavíkurborgar á hagkvæman hátt ef það reynist til hagsbóta fyrir alla aðila. Skoðaðir verði jafnframt möguleikar á sameiginlegum magninnkaupum sveitarfélaga innan SSH til ávinnings fyrir öll hlutaðeigandi sveitarfélög. Þekking á innkaupamálum er einnig hjá öðrum SSH sveitarfélögum og hugsanlega mætti útfæra fyrirkomulagið með þeim hætti að sameina allt fagfólk SSH sveitarfélaga á einni sameiginlegri skrifstofu. Innkaupamál sveitarfélaga og ríkis eru ekki það mikil að umfangi að það gæti reynst hagur allra þessara opinberu aðila að sameina krafta sína í einni skrifstofu.

3. Verkefni: Mannauðs- og launaráðgjöf

Lagt er til að SSH sveitarfélögin kanni hvort hagkvæmt sé að gera með sér samkomulag um sameiginlegt aðgengi að sérfræðipækkingu hjá einum aðila á sviði mannauðs- og launamála ef slíkt samstarf reynist til hagsbóta fyrir alla aðila.

Fyrirkomulag á slíku gæti byggt á einhverjum af eftirtöldum leiðum:

- 1) Hvert SSH-sveitarfélag geri þjónustusamning við mannauðsskrifstofu Reykjavíkurborgar
- 2) Stofnuð verði sameiginleg skrifstofa (fyrirtæki) SSH sveitarfélaganna um mannauðsráðgjöf og launamál.
- 3) SSH sveitarfélögin semji við einkaaðila um þessa þjónustu.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur um 10 þúsund starfsmenn og rekur þess vegna umfangsmikla mannauðsskrifstofu sem annast ráðgjöf og framkvæmd launaafgreiðslu fyrir borgina. Líklegt má ætla að jaðarkostnaður við að bæta við þjónustu við önnur SSH sveitarfélög sé lítil og það gæti reynst hagur allra að gera þjónustusamninga um þetta við borgina. Þekking á starfsmannamálum er einnig

mikil hjá öðrum SSH sveitarfélögum og hugsanlega mætti útfæra fyrirkomulagið með þeim hætti að sameina allt fagfólk SSH sveitarfélaga á einni sameiginlegri skrifstofu. Þá eru þekkt dæmi þess að sveitarfélög erlendis feli einkaaðilum þessa þjónustu sem gæti verið valkostur. Í þessu samhengi er líka vert að hafa í huga að sveitarfélögin greiða Sambandi íslenskra sveitarfélaga talsvert fé fyrir kjarasamningavinnu og ráðgjafþjónustu sem hugsanlega má fá meiri þjónustugæði fyrir með öðrum hætti.

4. Verkefni: Upplýsingakerfi vegna mannauðsmála

Jafnframt er lagt til að SSH sveitarfélögin láti gera hagkvæmniathugun á því að taka upp sömu upplýsingakerfi vegna mannauðsmála og launaafgreiðslu sveitarfélaganna og halda sameiginlega utan um þróun þess/þeirra til hagsbóta fyrir öll sveitarfélögin. Skipuð verði verkefnisstjórn (mannauðs-/starfsmannastjóra) til að gera þarfagreiningu og hafa umsjón með hagkvæmniathuguninni.

Fyrirkomulag á slíku gæti byggt á einhverjum af eftirtöldum leiðum:

- 1) Hvert SSH-sveitarfélag geri þjónustusamning við mannauðsskrifstofu Reykjavíkurborgar
- 2) Stofnuð verði sameiginleg skrifstofa (fyrirtæki) SSH sveitarfélaganna um upplýsingakerfi vegna mannauðsmála.
- 3) SSH sveitarfélögin semji við einkaaðila um þessa þjónustu.

Greinargerð

Skoðaðir verði möguleikar á sameiginlegum rekstri og þróun mannauðs- og launaafgreiðslukerfa til ávinnings fyrir öll hlutaðeigandi sveitarfélög. Þennan lið mætti hugsanlega úthýsa hjá einu sveitarfélagi eða þá að sveitarfélögin stofnuðu sameiginlegt fyrirtæki um þessa starfsemi eða að þessi þjónusta væri keypt af einkaaðila.

5. Verkefni: Upplýsingakerfi vegna fjármála

Lagt er til að SSH sveitarfélögin láti gera hagkvæmniathugun á því að taka upp sömu upplýsingakerfi vegna bókhalds, uppgjöra og fjármálastjórnar sveitarfélaganna og halda sameiginlega utan um þróun þess/þeirra til hagsbóta fyrir öll sveitarfélögin. Skipuð verði verkefnisstjórn (fjármálastjóra) til að gera þarfagreiningu og hafa umsjón með hagkvæmniathuguninni.

Fyrirkomulag á slíku gæti byggt á einhverjum af eftirtöldum leiðum:

- 1) Tekinn verði upp samstarfsvettvangur um rekstur og þróun kerfisins
- 2) Stofnuð verði sameiginleg skrifstofa (fyrirtæki) SSH sveitarfélaganna um upplýsingakerfi vegna fjármála.
- 3) SSH sveitarfélögin semji við einkaaðila um þessa þjónustu.

Greinargerð

Sveitarfélögin hafa áður verið í samvinnu um rekstur fjárhagsupplýsingakerfis (fyrir 1995) og er vert að rifja upp þá sögu og athuga hvað varð til þess að upp úr því samstarfi brotnaði og sveitarfélögin fóru hvert í sína átt. Reykjavíkurborg valdi Agresso en fimm tóku sveitarfélög sig saman um útboð á fjárhagsupplýsingakerfi og varð Navision Financials fyrir valinu. Ætlunin var að kerfið yrði þróað í sameiningu til að draga úr kostnaði og auka stöðlun. Fljótlega kom þó í ljós að vegna fjarlægðar og

tímafrekra fundarhalda gáfust sveitarfélögin upp á því samstarfi og þróðu hvert sitt kerfi í sína þágu. Í dag eru aðstæður að vísu aðrar þar sem unnt er að hafa miðlæg kerfi sem sveitarfélög tengjast í gegnum Internetið. Sameiginleg upplýsingakerfi um fjármál SSH sveitarfélaganna skapar möguleika á að staðla kerfin og koma í veg fyrir sundurlausa þróun.

Mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að hafa öflug upplýsingakerfi vegna bókhalds, uppgjöra og fjármálastjórnar sveitarfélaganna. Með því að sameinast um sömu kerfislausnir ættu sveitarfélögin að geta tryggt gæði kerfanna. Með úthýsingu á þessum upplýsingakerfum hjá einu sveitarfélaganna eða fyrirtæki í sameiginlegri eigu þeirra geta SSH sveitarfélögin fengið samræmdari, skilvirkari og agaðri vinnubrögð í vinnslu bókhalds og uppgjöra og öflugri tæki vegna fjármálastjórnunar. Gengi það eftir gætu nauðsynlegar rekstrarupplýsingar verið aðgengilegar fyrr en nú. Hagræðið lægi í því að sveitarfélög væru að greiða fyrir virkan vinnutíma þjónustusala og hins vegar að hafa viðeigandi upplýsingar til reiðu fyrr en nú er. Fjármálastjórn hvers sveitarfélags yrði áfram með óbreyttu sniði hjá hverju aðildarsveitarfélagi SSH.

6. Verkefni: Samrekstur upplýsingakerfa

Lagt er til að skipaður verði samstarfshópur sveitarfélaga í SSH til að rýna möguleika og hagkvæmni þess að SSH sveitarfélögin taki upp sömu upplýsingakerfi á fleiri sviðum en fjallað er um í liðum 3 og 5 á einhverjum tímamarki í framtíðinni. Ef til þess kæmi að eitthvert kerfi þætti heppilegt til samstarfs má leiða að því líkum að hagkvæmast sé að yfirumsjón yrði hjá einu aðildarsveitarfélaganna sem gerði þjónustusamning við önnur sveitarfélög sem kæmu að kerfinu.

Sami hópur myndi fara yfir möguleika á samnýtingu hugbúnaðar með það markmið að nýta opin hugbúnað.

Greinargerð

Sveitarfélögin nýta sér fjölmörg kerfi sem þau hafa oft á tíðum þróað og aðlagð að sínum þörfum. Í dag hafa sveitarfélögin innan SSH hvert og eitt komið sér upp kerfum sem leysa núverandi þarfir. Sé ætlunin að sameinast um einhver kerfi, þarf að meta hvort það sé hagkvæmt að færa sig úr núverandi kerfum yfir í eitt sameiginlegt kerfi, enda er upphafskostnaður verulegur og samvinna sveitarfélaga í slíkum málum kallar á lýðræðislegan grundvöll á milli þeirra. Mjög raunhæft er að ætla að sveitarfélögin geti sameinast um kaup á nýjum kerfum.

7. Verkefni: Tölvuþjónusta

Lagt er til að SSH sveitarfélögin kanni hvort hagkvæmt sé að þau geri með sér samkomulag um aðgengi sveitarfélaga að tölvuþjónustu Reykjavíkurborgar (UTM) með það fyrir augum að slíkt samkomulag sé til hagsbóta fyrir alla aðila. Samkomulagið taki m.a. til aðgengis grunnskóla og leikskóla að þessari þjónustu. Fyrirkomulag þessa samstarfs yrði byggt á þjónustusamningum og tæki á tilteknum þáttum miðlægrar tölvuþjónustu, þjónustu við útstöðvar og samnýtingu hugbúnaðar.

Greinargerð:

Grunnskólar sveitarfélaga eru þær stofnanir sem hafa stærstan hluta tölvubúnaðar og mestan fjölda tölvunotenda. Hér er um að ræða mjög samkynja þjónustu með álíka þjónustumarkmið. Reykjavíkurborg hefur byggt upp miðlæga tölvuþjónustu sem þjónustar grunnskóla með þeim hætti

að viðbótarkostnaður við hvern nýjan skóla er í lágmarki og mun lægri en hjá öðrum sveitarfélögum. Með þjónustusamningum yrði unnt fyrir önnur sveitarfélög að fá aðgengi að þjónustunni og eftir atvikum að gera samning um þjónustu við útstöðvar og hugbúnaðarkaup. Þjónustan yrði að tryggja aðgengi stofnana að þeim þjónustukerfum sem notuð eru í viðkomandi sveitarfélagi.

Birgir Björn Sigurjónsson

Gerður Guðjónsdóttir

Ingólfur Arnarson

Lúðvík Hjalti Jónsson

Pétur Lockton